

Helgi Pjeturss dr.

NÝR SAMANBURÐUR

sem gæti miðað til nokkurs aukins skilnings

á lífinu í alheimi.

I.

NÆSTSÍÐASTA vísan í Völuspá, er þessi:

Þú kómr enn ríki
at regindómi
öflugr ofan
sá's öllu ræðr.

Finnur Jónsson telur líklegast, að víshelmingur þessi sje innskot. En um þann, sem „kómr öflugr ofan“, segir hann: „Hvern hjer sje átt við er alls óvíst“. Og er von hann segi það.

Jeg veit nú raunar ekki nema þetta sje merkilegasta vísan í Völuspá, þó að ekki sje nema helmingur; og af stórtíðindum er sagt, þó að í fáum orðum sje. Mjer virðist, sem sagt muni þarna vera frá samskonar tíðindum og í ritgerð Plótíns „um fegurð hins hugsjeda heims“ (Peri tú noetú kallús); en mjer virðist mjög líklegt, að hún sje með því allra merkilegasta, sem ritað hefur verið á grísku. Plótín er að lýsa komu einhvers í hinum hugsjeda heimi, og mætti vissulega um hann nota öll þau orð, sem höfð

eru í Völuspárvísunni. Hann kemur „að ofan“ og „að regindómi“. Það er að eins sagt: hann (hede). „Hann“ kemur úr einhverjum ósýnilegum stað“, „fer hátt á loft“ og er svo bjartur að hann „fyllir allt af ljóma“. En þeir, sem eru viðstaddir þessa komu, eru sjálfur Zevs, sem var annars trúað á sem hinn æðsta guð; en með honum eru hinir aðrir guðir, sem hann hefur forystu fyrir, og vættir (daimones) og sálir. En það eru ekki allir, sem þola ljómann, sumir snúa sjer undan. Og þar kemur fram regindómurinn, að um nokkurskonar dómsdag er að ræða.

II.

Það má vel skilja þegar þetta mál hefur verið rannsakað, eins og jeg hefi gert, að það, sem þarna er verið að segja frá, er í raun rjettri heimsókn á einhverri jarðstjörnu frá jarðstjörnu, þar sem lífið er lengra komið, og að þeir, sem „þola ljómann“ frá foringja fararinnar, hverfa með honum burtu til hins fullkonanara lífs. Einhver mikill höfðingi lífsins kemur í heimsókn til jarðstjörnu þar sem ekki er eins langt komið, og er-

indið er að hjálpa þeim, sem þar eru til að halda áfram á braut fullkomunarinnar. En til þess að slík hjálp geti orðið veitt og þegin, þarf að vera mjög miklu lengra komið en hjer á jörðu er. Hjer er sambandið mest við illa staði, og jafnvel svo að segja má, að skuggi helvítis grúfi yfir jörðu vorri. Og ef einhver ofast, þá gæti hann reynt að spyrja þá, sem liggja lifandi grafnir undir hinum nýu sprengingarústum í Jerúsalem eða eru að berjast við dauðann, sundurmarðir og sundurbrotnir, á einhverju sjúkrahúsi þar í borg.

III.

Dómsdagur sá, sem fyrir höndum er hjer á jörðu, er nokkuð annars eðlis en sá, sem vikið er á í þessu svo merkilega Völuspárerindi, og miklu gjör þó í hinni stórfróðlegu ritgerð Plótíns. Hjer á jörðu er um það að ræða hvort mannlíf á að geta komið á framfaraleið, eða blátt áfram að líða undir þek. Merkur útlendingur, sem jeg hefi átt nokkur brjefaskipti við og sagt frá þeirri skoðun minni, að mannkynið sje á glötunarvegi, hefur svarað á þá leið, að sjer virðist ekki ástæða til svo alvarlegs ótta. En þessi gáfaði útlendingur hefur ekki getað sannfært mig um að þessi uggur minn sje ástæðulaus. Aldrei hefur á friðartímum verið líkt því eins ákaflega verið búíð til hernaðar og nú. Og hvílikur herbúnaður! Aldrei hafa í neinu hjer á jörð verið neitt líkt því aðrar eins framfarir og nú eru í að framleiða útbúnað til að eyðileggja mannlíf og mannaverk. Þeim, sem

best er treystandi til að dæma, virðis koma saman um, að ekki þurfi nema eina flugvjel til að leggja í rústin hinar stóru borgir hjer á jörðu, eins og London eða New York; og ef um flugvjelaflota væri að ræða útbúnað hinum lýgilega stórvirku drápstækjum nútímans, þá mætti á stuttum stundu útrýma heilli stórhjóð. Mjer virðist ekki auðvelt að skilja, hvernig nokkur getur verið í vasa um, í hvaða átt annað eins og þetta bendir.

IV.

En hvað gæti svo orðið til að bjarga? Mjer virðist ástæða til að vera sannfærður um, að einungis geti verið um eitt að ræða. Vjer verðum að læra að leita eftir hjálp til mannkynja sem aðrar jarðstjörnur alheimsins byggja, og langtum lengra eru komin á braut fullkomunarinnar en vjer hjer á jörðu. Framfarir mannkynsins hefjast ekki af alvöru fyr en líf á öðrum jarðstjörnum er uppgötvað, og nauðsyn og möguleiki á sambandi við það. Þess vegna var verk Brúnós svo afar merkilegt, að hann sá í þessu

efni svo miklu lengra og glöggar en áður hafði verið gert; og þess vegna hefur skaðinn, sem af því hlaut, að verki þessa sjaldg. vitrins var ekki sinnt, verið svo óskaplegur. Swedenborg helt þar að vísu áfram á mjög merkilegan hátt, en þó ekki nema að nokkru leyti. Og þó að himnenski vitringur sætti ekki öðrum eins meðförum og Brúnó, þá var þó hvergi nærri verk hans að verðleikum metið, og því haldið áfram eins og þurft hefði. Og ekki verður því neitað, að ennþá eru mjög dautar horfur á því, að mannkynið uppgötvist, að aðalnálið, það mál, sem veitur á hvort mannkyn vort á að eiga framtíð fyrir höndum, eða líða undir lok fyr en varir, er blátt áfram það, hvort tekst eða ekki, að halda nógu vel áfram af Brúnó og Swedenborg.

Helgi Pjeturss.

7. mars 1948